



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa desember 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 5. desember

Staða slökkviliðs- og sameiningarmála

2. desember sl. fundaði oddviti Skeggjastaðahrepps með Þorsteini, sveitarstjóra Vopnafjarðahrepps, Birni, sveitarstjóra Þórshafnarhrepps, og Jóhannesi, oddvita Svalbarðshrepps. Niðurstaða fundarins var sú að halda áfram samstarfi en í breyttri mynd. Svalbarðshreppur kemur til með að ganga inn í þetta samstarf. Samkomulagið felur í sér breytta mynd á kostnaðarskiptingu og fyrirkomulagi.

Samþykkt var að hvetja til sameiningar sveitarfélaganna Vopnafjarðahrepps, Skeggjastaðahrepps, Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps. Ákveðið var að tilkynna það formlega til sveitarfélaganna og sameiningarnefndar félagsmálaráðuneytisins.

Fyrri umræða fjárhagsáætlunar tekin fyrir og var hún send KPMG.

Fundagerð síðasta fundar skólanefndar tekin til kynningar.

Farið var yfir stöðu vatnsveituframkvæmda.